



Silvia Cosimini fæddist í Toskana á Ítalíu. Hún útskrifaðist í germanskri heimspeki við háskólann í Flórens með ritgerð um forníslensku. Hún var búsett á Íslandi frá 1992 til 1996 og útskrifaðist í íslensku fyrir útlendinga við Háskóla Íslands. Hún sótti meistaranám í þýðingum enskra bókmennta við Feneyjaháskóla og sérnám í þýðingu bókmennta í Misano Adriatico á Ítalíu.

Síðustu tuttugu ár hefur hún starfað sem þýðandi íslenskra samtíma- og miðaldabókmennta og þýtt verk eftir alla þekktustu íslensku samtímahöfundana; hún hefur einnig haft umsjón með ljóðasöfnum, verkum í íslenskum þjóðsögum og íslenskum miðaldabókmenntum.

Árið 2011 hlaut hún Þjóðarverðlaun ítalska menningarmálaráðuneytisins fyrir þýðingar og árið 2019 hlaut hún Orðstír, heiðursverðlaun fyrir þýðingar íslenskra bókmennta á erlent tungumál. Að Orðstír standa Miðstöð íslenskra bókmennta, Bandalag þýðenda og túlka, Íslandsstofa, embætti Forseta Íslands og Bókmenntahátíð í Reykjavík.